

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKUR

Leiðbeiningabæklingur

UPPSETNING OG  
FRÁGANGUR  
MINNINGARMARKA

## Formáli

---

Tilgangur þessa bæklingis er að skýra verkreglur vegna hverskyns starfsemi sem unnin er í görðum Kirkjugarða Reykjavíkur, meðal annars við umhirðu, viðhald grafarsvæða og uppsetningu og lagfæringu minningarmarka. Einnig er tilgangur hans að skýra lög og reglur kirkjugarðanna hvað varðar umhirðu, viðhald og uppsetningu minningarmarka á grafarsvæðum.

Það er von okkar að bæklingur þessi nýtist vel við störf þín í görðum Kirkjugarða Reykjavíkur og óskum við eftir að hann sé hafður til hliðsjónar við alla vinnu í görðunum.

Markmið þessa bæklingis er að fá sem best unnið verk með hag aðstandenda sem og garðanna að leiðarljósi.

Með von um gott samstarf

Fyrir hönd starfsfólks Kirkjugarða Reykjavíkur

*Ingvar Stefánsson framkvæmdarstjóri*

## Efnisyfirlit

---

Leyfi.....	3
Lög og reglur .....	4
Staðsetning og stærð minningarmarka.....	4
Kistugrafarstæði.....	4
Duftgrafir.....	5
Skýringarmyndir – staðsetning og stærð .....	6
Uppsetning.....	8
Undirbygging.....	8
Legsteinn .....	8
Frágangur .....	9
Trékrossar .....	9
Óleyfilegt.....	9
Bótamál.....	10

## Leyfi

---

Samkvæmt reglum um umgengni í kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma nr. 810/2000 6. gr. **Segir að enginn má vinna í görðunum, gegn gjaldi, nema undir eftirliti kirkjugarðsstjórnar.**

Ef óskað er eftir því að starfa í görðunum skal umsækjandi sækja um það til kirkjugarða Reykjavíkur. Þar er gert grein fyrir hvers eðlis vinnan er ásamt því að greint er frá öllum þáttum verkefnisins, allt frá undirbúningi og uppsetningu til frágangs. Hægt er að óska eftir jarðvegsskiptum gegn gjaldi (sjá hér að neðan).

### Uppsetning minningarmarka

Söluaðilar og/eða aðstandendur sem hyggjast setja upp minningarmark sækja um það gegnum sérstakt umsóknarform inn á [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is). Þar sem fram kemur m.a. stærðarupplýsingar minningarmarksins ásamt efnisvali. Á forminu er hægt að velja hvort óskað er eftir jarðvegsskiptum. Ef þess er óskað sjá starfsmenn Kirkjugarðanna um það ásamt þjöppun og förgun jarðefna.

Verð vegna jarðvegsskipta er kr. 8.900 per. púltstein/duftstein og kr. 12.900 kr. aðrir steinar og sendist greiðsluseðill strax og leyfi hefur verið veitt á kennitölu verkkaupa.

Kirkjugarðar Reykjavíkur gefa sér 10 vinnudaga frá því að leyfi er veitt til að vinna verkið og ábyrgjast undirbygginguna í allt að 10 ár.

Þeir aðilar er ekki óska eftir jarðvegsskiptum sjá sjálfir um efniskaup sem og förgun jarðefna utan Kirkjugarða Reykjavíkur.

Jarðvegsskiptin fara fram á tímabilinu apríl og út október.

Allur aðgangur að athafnasvæðum starfsmanna er bannaður.

## Lög og reglur

---

Þeir aðilar er hafa fengið samþykkt tilskilin leyfi til vinnu í görðum Kirkjugarða Reykjavíkur ber skylda til að kynna sér og vinna eftir lögum og reglum garðanna, annars vegar reglur um umgengni í Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma nr. [810/2000](#) og hins vegar reglur um stærð og frágang minnismerkja í umdæmi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, nr. [892/2009](#).

## Staðsetning og stærð minningarmarka

---

### Kistugrafarstæði

**Einfalt grafarstæði:** Hámarks breidd legsteins er 80 cm að meðtöldum undirsteini.

**Tvöfalt grafarstæði:** Hámarks breidd legsteins er 180 cm að meðtöldum undirsteini.

Hámarkshæð legsteins frá jarðvegisyfirborði er 170 cm.

Allir legsteinar aðrir en púltsteinar skulu standa á platta, skal þykkt plattans vera a. m. k. 10 cm, sem næst ferhyrndur og skal legsteinn vera miðjusettur á plattann.

Gæta skal þess að legsteinn sé miðjusettur á grafarstæði og ekki nær næstu grafarstæðum til hvorrar handar en sem nemur 20 cm (lágmark 40 cm milli steina).

Ef um tvöfaldan stein er að ræða sem fer á einfalt leiði, en ætlaður er á tvöfalt leiði, skal þess gætt að steininn fari ekki yfir á grafarstæði þeim ótengt. Ef slíkur steinn er settur upp þarf að gæta þess að hann sé fjarlægður fyrir jarðsetningu í frátekna leiðið.

Aftari brún legsteins skal ekki vera nær miðju grafarstykkis en 70 cm. (140 cm milli legsteina- bak í bak)

**Blómarammi:** Ef setja á blómaramma skal hann koma í framhaldi af undirsteini legsteins. Breidd hans skal vera sú sama og undirsteinn legsteins og heildar lengd undirsteins og blómaramma skal ekki vera meiri en 120 cm.

#### Duftgrafir

**Einfalt grafarstæði:** Hámarksbreidd legsteins er 50 cm að meðtöldum undirstein.

**Tvöfalt grafarstæði:** Hámarksbreidd legsteins er 100 cm að meðtöldum undirstein.

**Fleiri en tvö grafarstæði:** Ef setja á sameiginlegan stein á fleiri en tvö leiði skal ráðfæra sig við Kirkjugarða Reykjavíkur um stærð legsteins. Þess skal þó gætt að í slíkum tilvikum skal steinn aldrei ná nær næstu grafarstæðum til hvorrar handar en er nemur 25 cm.

Hámarkshæð legsteins er 50 cm.

Stýrilínur eru settar í duftgörðunum í Gufunesi og Kópavogi til leiðbeiningar um staðsetningu legsteins, legsteinn skal ekki fara inn fyrir stýrilínu.


**Blómarammi:** Ef setja á blómaramma skal hann koma í framhaldi af undirsteini legsteins. Breidd hans skal vera sú sama og undirsteins og heildar lengd undirsteins og blómaramma á ekki vera meiri en 80 cm. Hafa þarf í huga að ekki alstaðar er rými fyrir blómaramma vegna þess að grafarstæði eru alla jafna einungis 75 x 75 cm.

Athugið að ekki eru leyfðir blómarammar í duftgarðinum í Fossvogi og Sóllandi.


Í hólmagrafstæði í Sóllandi eru einungis leyfðir púltsteinar og skal hámarkshæð þeirra ekki vera meiri en 20 cm og hámarks- lengd og breidd 50 cm. Í Skógargrafarstæðum Sóllandi, duftgarðinum Fossvogi, Kópavogi og Gufunesi gilda stærðartakmarkanir hér að ofan.

## Skýringarmyndir – staðsetning og stærð


Einfalt kistugrafarstæði




Tvöfalt kistugrafarstæði




Einfalt duftgrafarstæði





Tvöfalt duftgrafarstæði



Púltsteinn með blómaramma







## Uppsetning

---

Þeir aðstandendur sem hyggjast setja minningarmörk á grafreit skulu tilkynna það Kirkjugörðum Reykjavíkur. Einnig geta aðstandendur falið sölumönnum legsteina eða öðrum verktökum uppsetninguna og þurfa þeir einnig að tilkynna það inn á [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is). Minningarmörk og uppsetning þeirra er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra, ef óskað er eftir jarðvegsskiptum gegn gjaldi hjá Kirkjugörðunum þá ábyrgjast garðarnir undirbygginguna í allt að 10 ár.

Ekki er ætlast til þess að steinar séu settir upp á tímabilinu nóvember til og með mars mánaðar og að lágmarki skal líða 1. ár frá jarðsetningu áður en steinn er settur upp.

## Undirbygging

---

Við uppsetningu legsteins er skylt að jarðvegsskipta að lágmarki 45 cm undir jarðvegsyfirborð og a.m.k. 10 cm út fyrir undirstöður legsteins á alla kanta. Undirbygging skal vera úr frostfríu efni og þjappa skal vel undir og að minningarmarki. Það sama gildir um uppsetningu blómaramma.

## Legsteinn

---

Öll samskeyti á legsteinum skulu vera límd saman. Þegar legsteinar að viðbættum platta eru hærri en 80 cm skulu allar samsetningar vera teinaðar saman með ryðfríum stálteinum. Teinarnir skulu límdir inn í stein með tveggja þátta steinlími.

Það sama gildir um blómaramma, öll samskeyti rammans skulu vera límd saman og þannig gengið frá honum að hann hvorki skekkist eða liðist í sundur.

Þeir aðstandendur eða sölumenn minningarmarka sem standa fyrir framleiðslu og uppsetningu skulu fullvissa sig um að um réttar

upplýsingar sé að ræða þegar merkja á minningarmark. Upplýsingar um staðsetningar og númer grafa má finna inn á [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is) einnig er hægt að senda póst á netfangið [skrifstofa@kirkjugardar.is](mailto:skrifstofa@kirkjugardar.is)

## Frágangur

---

Ganga skal snyrtilega frá umhverfinu í lok verks og farga umframefni. Passa skal að neðri brún undirsteins sé í þeirri hæð sem landið er. Ef legsteinn stendur í lægð í landinu skal þannig byggt undir hann að hægt sé að ganga frá landinu án þess að jarðefni fari upp fyrir undirstein legsteins.

Mikilvægt er að sækja um uppsetningu legsteins til Kirkjugarða Reykjavíkur fyrir eftirfylgni og frekari frágang.

## Trékrossar

---

Setja má trékross á alla grafreiti þar sem ekki er minningarmark. Trékrossar skulu vera úr gegnheilum fúavörðum við. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafstæði er 130 cm frá yfirborði jarðvegs, en 50 cm á duftgrafstæði.

Í hólmagrafreiti í Sóllandi er leyfilegt að setja kross, púlt eða önnur trúartákn og verða þau þá að vera liggjandi eins og púltsteinn.

## Óleyfilegt

---

Ekki má skilja eftir á leiðum eða götum garðanna: mold, jurtaleifar, eða nokkuð annað, sem óþrýði, óþrifum eða truflun getur valdið. Öllu slíku skal fargað í viðeigandi flokka samkvæmt flokkunarkerfi garðanna.

Ekki má gróðursetja á grafarsvæðum garðanna þær jurtir, tré eða runna sem með sjálfsáningu, rótarskoti eða á annan hátt offjölgar

sér, þannig að hætta sé á að jurtirnar breiðist út til annarra legstæða. Þetta á við um allar trjákenndar plöntur, runna og tré ásamt flest öllum fjölærum jurtum.

Ekki má setja girðingar úr steinum, málm, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti.

Ekki er heimilt að hlaða/raða umgjörð um beð með steinum, málm, timbri eða sambærilegu efni á grafreitum.

Ekki er heimilt að reisa grafhýsi.

## Bótamál

Þegar minningarmark, umbúnaður grafar og þess háttar, er svo úr sér gengið og/eða komið að falli, svo að af stafar hætta, eða er til óþrýði, skal gera umráðamanni grafarstæðisins viðvart. Beri það eigi árangur eða náist eigi til hans, má fjarlægja umgerðina og/eða minningarmarkið. Legstæði, sem verið hefur í óhvirðu í 3 ár samfleytt, skal kirkjugarðsstjórn láta tyrfa, malbera eða gera aðrar ráðstafanir, sem auðvelda umhvirðu þess á kostnað aðstandenda.

Skaðabætur skuli eigi koma til réttthafa grafarstæðis, ef beita verður ákvæðum laganna sem tilgreindar eru inn á heimasíðu garðanna, [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is). Minningarmörkin og uppsetning þeirra er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra samkvæmt reglum um stærð og frágang minnismerkja í umdæmi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, nr. [892/2009](#)